

Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar – samantekt á helstu breytingum

Forsetanefnd Hafnarfjarðarbæjar hefur á sl. mánuðum unnið drög að nýrri samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar í samræmi við 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samþykktin byggir á fyrirmynd innanríkisráðuneytis sbr. framangreint ákvæði í sveitarstjórnarlögum auk gildandi samþykktar.

Ekki er um að ræða miklar efnislegar breytingar frá núgildandi samþykkt. Kaflaskipting er óbreytt að því undanskildu að I. kafli skiptist nú í tvo kafla, I og II. kafla. Að auki bætist við sérstakur kafli í lok samþykktar varðandi þátttökulýðræði en 88. gr. kaflans er efnislega samhljóða núgildandi 33. gr.

Helstu breytingar

I.

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfsstjórn hennar og verkefni sveitarfélags

Nýtt ákvæði í 2. gr. þar sem fram kemur að Hafnarfjarðarkaupstaður er sjálfstætt stjórnvald.

II.

Um bæjarstjórn

Í II. kafla er að finna ítarlegri ákvæði um hlutverk og verkefni bæjarstjórnar en skv. núgildandi samþykkt.

III.

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp

Litlar efnislegar breytingar í nýrri samþykkt varðandi fundi eða fundarsköp bæjarstjórnar þó að uppröðun einstakra greina og orðalag er að einhverju leyti breytt.

Í 2. mgr. 10. gr. er svigrúm bæjarfulltrúa til að setja mál á dagskrá aukið. Tilkynning skal berast bæjarstjóra og forseta skriflega, ásamt nauðsynlegum gögnum, fyrir kl. 11:00 á mánudegi fyrir reglulegan fundartíma bæjarstjórnar á miðvikudegi kl. 14:00.

Í e. lið 15. gr. er að finna nýmæli um að forseti geti breytt röð þeirra sem taka til máls undir dagskrárliðnum *Fundargerðir til kynningar* í samræmi við þann lið í fundargerð sem er til umræðu hverju sinni.

Í I. lið 15. gr. er vísað til reglna Hafnarfjarðarbæjar um birtingu gagna með fundargerðum auk tilvísunar í auglýsingu nr. 977/2012 um ritun fundargerða sveitarstjórna til frekari skýringar.

Í g. lið 15. gr. er að finna nýja málsgrein varðandi ræðutíma undir dagskrárliðnum *Fundargerðir til kynningar*. Ræðutími er 2*5 mínútur. Eitt andsvar og svar við því er heimilað sem að hámarki mega taka eina mínútu.

IV.

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa

Litlar efnislegar breytingar frá núgildandi samþykkt.

Lítillsháttar breyting varðandi boðun varamanna (sambærilegar breytingar varðandi boðun varamanna í ráð og nefndir) . Í 3. mgr. 23. gr. segir nú að aðalmaður skuli tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykktinni, eins og fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað.

Nýmæli í 4. mgr. 23. gr. til samræmis við ný sveitarstjórnarlög: „*Forföll skv. þessari grein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.*“

V.

Ráð, nefndir og stjórnir

Litlar efnislegar breytingar frá núgildandi samþykkt. Orðalag aðeins breytt og uppröðun greina að einhverju leyti breytt.

Í kaflanum er gerður greinamunur á fastanefndum bæjarstjórnar sbr. 26. gr. og síðan starfsnefndum skv. 38. gr.

Í 2. mgr. 30. gr. er að finna nýmæli um að bæjarstjórn skuli setja reglur um meðferð óska um opna fundi nefnda þar sem fram komi skilyrði opunar í samræmi við 46. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nýmæli í 34. gr. um rétt bæjarfulltrúa til að krefjast þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til, þó með ákveðnum fyrirvörum.

Forsetanefnd er talin upp með öðrum ráðum, nefndum og stjórnnum í A – lið 39. gr. og í C – lið ákvæðisins er fjallað um Öldungaráð og Ungmennaráð en þeirra hefur ekki verið getið áður í samþykkt bæjarins.

Í 42. gr. er lögmanni stjórnslusviðs í umboði bæjarráði falin fullnaðarafgreiðsla í málum varðandi aflýsingu kvaða í lóðarleigusamningum vegna sölu og veðsetningu fasteigna.

Í 57. gr. er ráðgjafarráði í málefnum fatlaðs fólks bætt við undir þær nefndir sem heyra undir fjölskylduráð.

VI.

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar

Nokkurn veginn sambærileg ákvæði og í núgildandi samþykkt.

Í núgildandi samþykkt er gert ráð fyrir að umsögn viðkomandi ráðs liggja fyrir áður en ráðið er í stöður undirmanna sviðsstjóra. Í nýrri samþykkt er það tekið út.

VII.

Fjármál sveitarfélagsins

Kaflinn hefur tekið breytingum til samræmis við ný sveitarstjórnarlög.

VIII.

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði

88. gr. er samhljóða nógildandi 33. gr.

15. mars 2013,

F.h. forsetanefndar,

Anna Jörgensdóttir hdl.,
ritari bæjarstjórnar